


Sveinbjörn á Akureyri í febrúar 2012.

Sveinbjörn fór með Dóru Sjöfn, mömmu hennar og systrum til Akureyrar í vetrarfríinu í febrúar 2012. Við byrjuðum á því að keyra út á Reykjarvíkurflugvöll, af því að við ætluðum að fljúga til Akureyrar.



Á flugvellinum fengum við að fara í flugumsjón, en það er þar sem flugmennirnir skipuleggja flugin sín. Þar fékk Sveinbjörn að prófa flugmannshatt. Svo fórum við með flugvélinni til Akureyrar.



Á Akureyri fórum við í leikhús, að sjá leikritið *Gulleyjuna*. Þar fékk Sveinbjörn að setjast á sviðið og svo horfðum við á leikritið. Við skemmtum okkur mjög vel. Við vorum líka svo heppin að þekkja eina leikkonuna í sýningunni þannig að við fengum að fara baksviðs þegar sýningunni var lokið. Dóra Sjöfn fékk að prófa sjóræningjahatt og svo gátum við skoðað fjársjóðinn sem var á sviðinu.





Dóra Sjöfn fór í skíðaskólann í Hlíðarfjalli og lærði svo mikið að á endanum fór hún í stólalyftuna. Sveinbjörn fékk aðeins að prufa að renna sér með henni, en honum fannst svolítið kalt í fjallinu.

Honum fundust samt skíðagleraugun flott.



Einn daginn var svo slæmt veður að við gátum ekki farið á skíði og ákváðum þá að fara á flugsafnið á Akureyrarflugvelli. Þar sáum við ýmislegt skemmtilegt og þar á meðal mynd af langafa hennar Dóru Sjafnar.

Eftir skemmtilegt ferðalag flugum við svo aftur til Reykjavíkur og pabbi sótti okkur svo á flugvöllinn og keyrði okkur heim í Efstalundinn.

Takk fyrir samveruna Sveinbjörn,

Dóra Sjöfn 2.EP.

